

2009 nr. 9 9. mars

Lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna

Tóku gildi 13. mars 2009. Breytt með: L. 131/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012). L. 22/2016 (tóku gildi 5. apríl 2016). L. 63/2020 (tóku gildi 30. júní 2020).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra eða umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti sem fer með lög pessi.

I. kaffi. Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

■ 1. gr. Markmið.

Markmið laga þessara er að:

- a. afmarka skyldur sveitarfélaga hvað varðar fráveitumál og fráveitufrankvæmdir,
- b. tryggja uppbyggingu og starfrækslu fráveitna þannig að fráreynslu valdi sem minnstum óeskilegum áhrifum á umhverfið,
- c. skýra réttindi og skyldur eigenda og notenda fráveitna og
- d. stuðla að hagkvæmni í uppbyggingu og starfrækslu fráveitna.

■ 2. gr. Gildissvið.

Lög þessi gilda um uppbyggingu og starfrækslu fráveitna.

■ 3. gr. Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

[1. *Fasteigni*: Afmarkaður hluti lands, ásamt lífrænum og ólífrænum hlutum þess, réttindum sem því fylgja og þeim mannvirkjum sem varanlega eru við landið skeytt, eins og fasteignin er nánar skilgreind í fasteignaskrá hverju sinni. Þá telst eignarhluti í fjöleignarhlusi vera sérstök fasteigni.]¹⁾

[2.]¹⁾ *Fráreynslu*: Rennsli frá mannvirkjum, götum, lóðum, gönguleiðum eða opnum svæðum, svo sem ofanvatn og/eða skólp og vatn frá upphitunarkerfum mannvirkja sem veitt er í fráveitur.

[3.]¹⁾ *Fráveita*: Leiðslukerfi og búnaður til meðhöndlunar og hreinsunar skólps. Til fráveitum telst allt lagnakerfi sem flytur fráreynslu frá heimilum, stofnunum, atvinnufyrirtækjum, götum, gönguleiðum, lóðum og opnum svæðum, svo sem tengingar við einstakar fasteignir, niðurföll, svelgir, brunnar, safnkerfi, tengiræsi, sniðræsi, stofnlagnir, yfirföll og útræsi. Til fráveitum teljast einnig öll mannvirkja sem reist eru til meðhöndlunar eða flutnings á fráreynslu, svo sem hreinsvirki, dælu- og hreinsistöðvar og set- og miðlunartjarnir.

[4.]¹⁾ *Frístundabyggð*: Afmarkað svæði innan jarðar eða jarða þar sem eru a.m.k. 10 lóðir undir frístundahús, sbr. lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, nr. 75/2008. Frístundahús eru hús sem ætluð eru til frístundanotunar og þar sem heilsársbúseta er óheimil.

[5.]¹⁾ *Heimæð*: Fráveitulög sem flytur fráreynslu að tengingu frá mannvirkjum og lóðum, þ.m.t. leigulóðum sveitarfélagsins.

[6.]¹⁾ *Hreinsivirkir*: Búnaður til hreinsunar á skólpi og/eða ofanvatni áður en því er veitt í viðtaka, þ.m.t. rotþrær með siturlögnum.

[7.]¹⁾ *Landnotkunarreitur*: Reitur með eina skilgreinda landnotkun. Landnotkunarreitur nær að jafnaði ekki yfir minna svæði en götureit. Innan landnotkunarreits er meiri hluti reits helgaður aðalnotkun samkvæmt skilgreiningu viðkomandi landnotkunarflokk, sbr. skipulagsreglugerð.

[8.]¹⁾ *Ofanvatn*: Regnvatn og leysingarvatn sem rennur í fráveitum af húsbökum, götum, gangstéttum og öðru þetu yfirborði.

[9.]¹⁾ *Persónueiningar*: Magn lífrænna efna, næringarsalta og annarra efna sem samsvarar því sem einn einstaklingur er að jafnaði talinn losa frá sér á sólarhring.

[10.]¹⁾ *Safnkerfi*: Lögn eða lagnir sem lagðar eru innan hverfa eða landnotkunarreits og safna fráreynslu af afmörkuðu svæði áður en því er veitt í stofnlögn.

[11.]¹⁾ *Sameiginlegt hreinsivirkir*: Hreinsivirkir sem reist er til sameiginlegra nota fyrir íbúa sveitarfélags, hluta sveitarfélags, fyrirtæki, stofnanir eða félög einstaklinga.

[12.]¹⁾ *Skólp*: Mengað vatn sem greinist í húsaskólp og iðnaðarskólp eða blöndu af húsaskólp eða iðnaðarskólp og/eða ofanvatni.

[13.]¹⁾ *Stjórn fráveitu*: Sá aðili sem ber ábyrgð á daglegri stjórn fráveitunnar, hvort sem um er að raða sveitarstjórn, sérstaka stjórn fráveitu eða annan þann aðila sem fer með málfni fráveitu.

[14.]¹⁾ *Stofnlögn*: Fráveitulög sem flytur fráreynslu milli hverfa eða frá hverfi til hreinsistöðva.

[15.]¹⁾ *Tenging*: Tengið milli heimæðar og fráveitukerfis við mörk lands sveitarfélagsins, þ.m.t. leigulóðir sveitarfélagsins, götu, gangstétt eða opið svæði.

[16.]¹⁾ *Viðtaki*: Svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir.

[17.]¹⁾ *Péttbýli*: Pyrpung húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

¹⁾ L. 22/2016, I. gr.

II. kaffi. Fráveitur sveitarfélaga o.fl.

■ 4. gr. Hlutverk sveitarfélaga.

Sveitarfélag ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélagini.

Í péttbýli skal sveitarfélag koma á fót og starfrækja sameiginlega fráveitu.

Utan péttbýlis þar sem fjöldi húsa er u.p.b. 20 á hverja 10 ha og/eða atvinnustarfsemi felur í sér losun sem nemur u.p.b. 50 persónueiningum eða meira á hverja 10 ha skal sveitarfélagið sjá til þess að skölpi sé safnað á kerfisbundinn hátt með safnkerfi, stofnlögnum og sameiginlegu hreinsivirkri.

Sveitarstjórn setur í deiliskipulag ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirkir þar sem þess er þörf, sbr. 3. mgr., og sendir áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur til heilbrigðisnefndar í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. getur heilbrigðisnefnd heimilað að beitt sé öðrum lausnum en safnkerfi og sameiginlegu hreinsivirkir þar sem losun er minni en 2.000 persónueiningar og ef rískar ástæður mæla með, svo sem ef kostnaður er óvenjuníkill miðað við umhverfislegan ávinning. Við mat á slískum lausnum skal heilbrigðisnefnd taka tillit til gæða, getu og skilgreiningar viðtaka, jarðvegsgerðar, legu lands og umhverfisaðstæðna að öðru leyti.

Í dreifibýli er sveitarfélagi heimilt að koma á fót og starfrækja fráveitu.

Þar sem sveitarfélagi er heimilt að koma á fót og starfrækja fráveitu skal það hafa forgangsrétt til þess.

Fráveitur sem sveitarfélag setur á fót samkvæmt þessari grein skulu vera í eigu sveitarfélaga, sbr. þó 6. gr.

Þar sem sveitarfélagi er skylt samkvæmt þessari grein að koma á fót og reka fráveitu skal það hafa einkarétt til þess. Sama gildir þar sem sveitarfélag nýttir forgangsrétt sinn skv. 7. mgr.

Sveitarstjórn getur kveidið nánar á um fyrirkomulag fráveitumála í sveitarfélagini og kröfur um hreinsun í samþykkt

sem hún setur á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

■ 5. gr. Rekstur fráveitu.

□ Sveitarstjórn fer með rekstur og stjórn fráveitu á vegum sveitarfélagsins nema annað rekstrarform hafi sérstaklega verið ákveðið, sbr. 6. gr.

□ Sveitarfélagi eða félagi í eigu sveitarfélaga sem fer með rekstur fráveitu er heimilt að gera þjónustusamninga við einkaaðila um rekstur einstakra þáttu fráveitunnar.

■ 6. gr. Heimild til ráðstöfunar á einkarétti sveitarfélags.

□ Sveitarstjórn er heimilt að fela stofnun eða félagi sem að meiri hluta er í eigu sveitarfélaga skyldur sínar og réttindi hvað varðar uppbyggingu, rekstur og eignarhald fráveitna samkvæmt lögum þessum.

□ Við ráðstöfun skv. 1. mgr. skal í samningi, eftir því sem við á, kveðið á um eignarrétt á fráveitu, eftirlit sveitarstjórnar með rekstri fráveitunnar og innlausnarrétt sveitarfélagsins á fráveitu og fastafjármunum fráveitunnar auk annarra atriða sem sveitarstjórn telur nauðsynleg.

□ Ef ekki er kveðið á um annað í samningi aðila skal innlausnarverð fráveitu og fastafjármuna skv. 1. mgr. miðast við afskrifað endurstofnverð þessara eigna. Ef ágreiningur verður um verð skera dómkvaddir matsmenn úr nema samningsaðilar verði ásátir um að leysa ágreininginn á annan hátt.

■ 7. gr. Samvinna sveitarfélaga.

□ Sveitarstjónum er heimilt að koma á fót og reka sameiginlega fráveitu. Sveitarstjórnir skulu gera með sér samkomulag um með hvaða hætti fráveitunni skuli komið á fót og hún rekin. Ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, gilda um samvinnu sveitarfélaga á þessu svíði nema annað sé sérstaklega tekið fram.

III. kafli. Aðrar fráveitur.

■ 8. gr. Fráveitur einkaaðila.

□ Þar sem sveitarstjórn nýtir ekki heimild sína skv. 6. mgr. 4. gr. skal landeigandi sjá til þess að skólp sé hreinsað og koma á safnkerfi, stofnlögnum og sameiginlegu hreinsivirkri eftir því sem nánar er kveðið á um í deiliskipulagi. Þar sem ekki er til staðar sameiginleg fráveita skal frárennslu einstakra húsa veitt í hreinsivirkri.

■ 9. gr. Frístundabyggð.

□ Þegar land er skipulagt sem frístundabyggð skal landeigandi eða félag í frístundabyggð þar sem það á við koma á fót fráveitu eða gera samning við starfandi fráveitu að höfðu samráði við sveitarstjórn. Þegar sveitarfélag skipuleggur frístundabyggð á eigin landi skal sveitarfélagið koma á fót fráveitu.

■ 10. gr. Land í sameign.

□ Nú er landareign í sameign og hluti eigenda óskar eftir því að koma á fót fráveitu til að veita skólpi og öðru frárennslu frá landareigninni, og getur þá sá eða þeir sem meiri hluta landareignar eiga tekið ákvörðun um framkvæmdina. Er hinum þá skylt að taka hlutfallslega þátt í kostnaði sem af því hlýst.

IV. kafli. Fráveitulagnir.

■ 11. gr. Tenging við fráveitu.

□ Eigandi eða rétthafi lóðar við götu, gönguleið eða opíð sveði þar sem fráveitulög liggur á rétt á að fá tengingu við fráveitukerfi. Óski hann þess að fá fleiri tengingar af hagkvæmnisástæðum skulu slískar tengingar teljast einkaeign hans nema sérstakt samkomulag hafi verið gert um annað. Beiðni um tengileyfi skal senda til fráveitu.

□ Engum er heimilt að tengjast í fráveitu nema samþykki stjórnar fráveitu liggi fyrir. Skylt er að lúta í einu og öllu fyrirmælum stjórnar fráveitu um gerð og legu heimæða.

□ Þurfi að gera breytingar á tengingum við fráveitu vegna framkvæmda á vegum lóðarhafa skal hann sækja um leyfi til stjórnar fráveitu. Lóðarhafi ber sjálfur kostnað af breytingum.

■ 12. gr. Fráveitulagnir.

□ Eigandi fráveitu sér um lagningu og viðhald allra fráveitulagna, þ.e. stofnlagna, safnkerfa og fráveitutenginga.

□ Eigendum húseigna þar sem fráveita liggur er skylt á sinn kostnað að annast lagningu og viðhald heimæða fyrir frárennslí að tengingu við fráveitukerfi. Lagnirnar skulu tengjast lögnum fráveitu á þeim stað og með þeirri hæðarsetningu sem fráveita tilgreinir.

□ Í fráveitulögnum skal ofanvatn og skólp aðgreint nema annað sé heimilað.

□ Endurnýi eigandi fráveitu fráveitukerfi sitt þannig að í hinu nýja kerfi sé ofanvatn og skólp aðgreint skulu eigendur fasteigna samhliða endurnýjun heimæða eða meiri háttar endurbótum á þeim aðskilja ofanvatn og skólp.

□ Þar sem tvær eða fleiri fasteignir nýta sameiginlega heimæð skulu eigendur þeirra í sameiningu annast og kosta lagningu, rekstur og viðhald heimæðar nema um annað hafi verið samið.

□ Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

V. kafli. Gjaldtaka.

■ 13. gr. Tengigjald.

□ Eiganda eða rétthafa fasteignar sem tengst getur fráveitu ber að greiða gjald fyrir tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal miðað við gerð, stærð og lengd tenginga. Heimilt er sveitarfélagini að innheimta með tengigjaldi hlutdeild í stofnkostnaði við aðliggjandi fráveitukerfi, þó ekki kostnaði vegna stofnlagna nema þær gegni jafnframt hlutverki safnkerfa.

□ Gjaldið og gjalddagi þess skal ákveðið í gjaldskrá skv. 15. gr. Tengigjald er fyrst gjaldkræft við úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags eða það hefur ráðstöfunarrétt á og við útgáfum byggingarleyfis á öðrum lóðum.

■ 14. gr. Fráveitugjald.

□ [Heimilt er að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum þar sem tenging er fyrir hendi við mörk fasteignar.]¹⁾

□ Par sem frárennslu er veitt frá atvinnustarfsemi eða vegna annars en venjulegra heimilisnota í fráveitukerfi sveitarfélags er heimilt að innheimta gjald vegna losunar miðað við innrennslu vatns samkvæmt mæli. Sé vatn notað til framleiðslu þannig að því sé ekki veitt í fráveitukerfi skal notandi mæla notkun þess. Sú notkun skal dregin frá innmældu magni við útreikning á gjaldi. Verði mælingu ekki við komið skulu aðilar meta vatnsnotkun til frádráttar á innmældu vatnsmagni. [Gjald vegna losunar kemur til viðbótar fráveitugjaldi skv. 1. mgr.]¹⁾

□ Heimilt er að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennslu tiltekins gjaldskylds aðila samkvæmt lögum þessum er svo mengað að það leiði til sérstakra aðgerða við fráveitukerfið, svo sem ef losun fer yfir skilgreind losunarmörk. Sérstakar aðgerðir samkvæmt þessari málsgrein geta einkum falið í sér sértæka hreinsu eða breytingu. Við ákvörðun gjaldsins skal miða við áætlaðan kostnað við aðgerðirnar.

- Gjöld og gjalddagar þeirra samkvæmt þessari grein skulu ákveðin í gjaldskrá skv. 15. gr.

¹⁾ L. 22/2016, 2. gr.

■ **15. gr. Gjaldskrá fráveitu.**

- Stjórn fráveitu skal semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 13. og 14. gr.
- Miða skal við að fráveitugjald ásamt öðrum tekjum fráveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, viðtakarannsónum og vöktun og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaætlun veitunnar. . .¹⁾
- [Fráveitugjald skal vera hlutfall af fasteignamati fasteignar í heild en þó aldrei herra en 0,5% af heildarmatsverði hennar. Í þeim tilvikum þegar matsverð fasteignar liggur ekki fyrir við álagningu fráveitugjalds en tenging er fyrir hendi er heimilt að ákveða fráveitugjald með hliðsjón af áætluðu fasteignamati eignarinnar fullfrágenginnar og ber þá að taka mið af fasteignamati sambærilegra fasteigna í sveitarfélagini.]
- Geti eigandi eða umrásdamaður fasteignar sýnt fram á að tiltekið mannvirkni á fasteign, sem sérstaklega er aðgreint í fasteignaskrá, geti ekki tengst fráveitu af landfráðilegum eða tæknilegum ástæðum eða vegna eðlis þess getur hann beint erindi til stjórnar fráveitu um að álagning fráveitugjalds taki mið af því. Þá skulu hlunnindi, ræktad land og önnur sérstök fasteignaréttindi sem skilgreind eru í fasteignaskrá sem hluti fasteignarinnar vera undanþegin við álagningu fráveitugjalds ef þau mynda umtalsverðan hluta af matsverði.]
- Í stað þess að miða við fasteignamat, sbr. 3. mgr., er heimilt að miða fráveitugjald við fast gjald á hverja fasteign fyrir sig, auk álags vegna annars eða hvors tveggja af eftirfarandi, en þó aldrei herra en segir í 1. málsl. 3. mgr.:

- a. rúmmáls allra mannvirkja á fasteign eða
- b. flatarmáls allra mannvirkja á fasteign og/eða notkunar samkvæmt mæli.

Álagning skv. a- og b-lið skal þó aldrei vera hærri en segir í 1. málsl. 3. mgr.¹⁾

- Heimilt er að skipta starfssvæði fráveitu í fráveitusvæði og setja sérstaka gjaldskrá fyrir hvert veitusvæði. Slíka skiptingu skal auglysa með gjaldskránni.
- Heimilt er að lækka eða fella niður gjöld samkvæmt þessum lögum hjá tekjulágumelli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt reglum sem sveitarstjórn setur.
- Sveitarfélag skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.

¹⁾ L. 22/2016, 3. gr.

■ **16. gr. Innheimta o.fl.**

- Pinglýstur eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu gjalda samkvæmt lögum þessum.
- Heimilt er að innheimta fráveitugjald með fasteignaskatti. Fráveitugjald leggst á ný mannvirkni í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðamótum eftir að þau eru skráð og metin í Landskrá fasteigna en fellur niður frá næstu mánaðamótum eftir að mannvirkni er afskráð úr landskránni.
- Fráveitugjaldi og tengigjaldi ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjald-daga. Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Ef hús brennur eftir að fráveitugjald eða heimæðargjald gjaldfellur er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

VI. kaffli. Ýmis ákvæði.

■ **17. gr. Aðgangur að fráveitu.**

- Þeim sem ekki hefur tekið þátt í uppbryggingu fráveitu er heimilt að veita frárennsli frá sér í fráveitu sem fyrir er. Skal

hann greiða fyrir það tiltekið hlutfall stofnkostnaðar, að teknu tilliti til afskrifta. Jafnframt skal hann greiða tiltekið hlutfall rekstrarkostnaðar og viðhalds.

- Ef breyta þarf fráveitu vegna íveitum í hana, sbr. 1. mgr., skal sá er íveitunnar óskar greiða allan kostnað af breyting-unni.

Landeigandi eða lóðarhafi getur krafist þess að fráveita sé svo úr garði gerð í upphafi að hún taki við skólpí frá eign hans, enda greiði hann allan kostnaðarauka er af því stafar.

- Sá sem neytir réttar síns skv. 1. og 3. mgr. þessarar greinar skal setja nægilega tryggingu fyrir því er honum ber að greiða ef þess er krafist.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um aðgang að hreinsivirkni fyrir stök hús.

■ **18. gr. Aðgangur að landi.**

Skilt er landeigendum og lóðarhöfum að láta af hendi land, mannvirkni og landsafnot og þola nauðsynlegar eignarkvaðir vegna fráveituframkvæmda og lagna.

- Leiði fráveituframkvæmdir til þess að verðmæti fasteignar lækki eða að nýtingarmöguleikar hennar skerðist frá því sem ádur var á sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum rétt á greiðslu bóta frá eiganda fráveitu, eftir mati dómkvaddra matsmanna ef ágreiningur verður.

■ **19. gr. Eignarnám.**

Ráðherra getur heimilað að land og/eða lóðarréttindi verði tekin eignarnámi ásamt nauðsynlegum mannvirkjum, aðstöðu og öðrum réttindum fasteignareiganda vegna lagningar fráveitu sveitarfélags í samræmi við ákvæði laga þessara. Ávallt skal þess þó freistað að ná samkomulagi við fasteignareiganda ádur en til eignarnáms kemur.

- Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum.

■ **20. gr. Bótaábyrgð vegna tjóns á fráveitukerfi.**

Aðili sem veldur tjóni á fráveitukerfi, svo sem með losun efna eða hluta í fráveitu, ber bótaábyrgð á slíku tjóni þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanns hans.

■ **21. gr. Reglugerð.**

Ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila, að setja reglugerð¹⁾ um fráveitur sveitarfélaga þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd fráveitumála, m.a. um stjórn og fjármál fráveitu, gjaldtöku og fráveituæðar.

¹⁾ Rg. 982/2010.

■ **22. gr. Málskot.**

[Stjórnvaldsákvæðanir samkvæmt lögum þessum sæta kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmæðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.]¹⁾

¹⁾ L. 131/2011, 28. gr.

■ **23. gr. Gildistaka.**

- Lög þessi öðlast þegar gildi.

. . .

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.**

Tengingar í einkaeign sem lagðar hafa verið fyrir gildistökum laganna verða eign fráveitu í framhaldi af endurnýjun tenginganna.

□ [Stjórn fráveitu er skylt að yfirtaka eina tengingu við fráveitu frá safnkerfi að lóðamörkum sveitarfélagsins að fenginni skriflegri beiðni frá eiganda. Aukatengingar tilheyra áfram viðkomandi fasteign.]¹⁾

□ Ákvæði 3. mgr. 4. gr. laga þessara taka ekki til byggðar sem fyrir er við gildistöku laganna. Ákvæði 8. mgr. 4. gr. gildir ekki um fráveitumálum sveitarfélagsins sem komið hefur verið á fót fyrir gildistöku laga þessara.

¹⁾ L. 22/2016, 4. gr.

■ [II.

□ Á árunum 2020–2030 skal veita framlag úr ríkissjóði sem nemur hlutdeild í kostnaði við fráveitumálum sveitarfélagsins og skulu umsókninni fylgja greinargóðar upplýsingar um framkvæmdina og kostnað. Skilyrði fyrir fjárstúðningi er að framkvæmdin sé áfangi í heildarlausn á fráveitumálum sveitarfélags í samræmi við samþykktu áætlun.

□ Styrkhæfar fráveitumálum sveitarfélagsins skv. 1. mgr. eru framkvæmdir við sniðraesi frá safnkerfum fráveitna, hreinsivirkni, dælustöðvar og útrásir. Jafnframt eru styrkhæfar framkvæmdir við hreinsun ofanvatns, svo sem til að draga úr mengun af völdum örplasts. Kostnaður við útboð, fjármagns-

og lántökukostnaður og kaup á löndum og lóðum vegna framkvæmda í fráveitumálum njóta ekki fjárstúðnings. Sama gildir um hefðbundið viðhald og endurbætur á eldri kerfum. Þó eru endurbætur á eldri kerfum styrkhæfar sé markmið með þeim að uppfylla lög og reglugerðir.

□ Ráðherra auglýsir árlega eftir umsóknum frá fráveitumálum sveitarfélaga um styrkhæf verkefni á vef ráðuneytisins. Umsækjendum er gert að sækja um styrki rafrænt og skulu umsókninni fylgja greinargóðar upplýsingar um framkvæmdina og kostnað. Skilyrði fyrir fjárstúðningi er að framkvæmdin sé áfangi í heildarlausn á fráveitumálum sveitarfélags í samræmi við samþykktu áætlun.

□ Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmdina í reglugerð, ¹⁾ að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, Samorku og Umhverfisstofnun, þar á meðal um tímafresti, forgangsröðun framkvæmda og nánar um gögn sem þurfa að fylgja umsóknum og uppgjöri.]²⁾

¹⁾ Rg. 1424/2020. ²⁾ L. 63/2020, 1. gr.